

Skrá þessi gildir til næstu 5 ára og staðfestist hún hér með samkvæmt lögum 222 nr. 112 9. október 1941, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi arð- 22. des. skrá og gjaldskrá um sama efni nr. 18 10. marz 1936.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. desember 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## ARÐSKRÁ

223

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

23. des.

Bæjanöfn		
Hjaltabakki	20,0	einingar
Skinnastaðir	26,0	—
Akur	48,0	—
Stóra-Giljá	3,5	—
Beinakelda	3,0	—
Litla-Giljá	3,0	—
Hnausar	64,5	—
Bjarnastaðir	47,0	—
Másstaðir	10,5	—
Hjallaland	8,5	—
Hvammur	13,5	—
Eyjófsstaðir	13,0	—
Hof	24,5	—
Kötlustaðir	13,0	—
Gilá	8,0	—
Marðarnúpur	4,5	—
Guðrúnarstaðir	1,5	—
Kárdalstunga	1,0	—
Þórormstunga	28,5	—
Sunnuhlið	33,0	—
Forsæludalur	29,0	—
Grimstunga	70,5	—
Haukagil	36,5	—
Saurbær	27,5	—
Ás 24,0, Ásbrekka 12,0	= 36,0	—
Brúsastaðir	5,0	—
Snæringsstaðir	3,5	—
Undirfell	25,5	—
Kornsá	11,5	—
Gilsstaðir	10,0	—
Flaga	10,0	—
Helgavatn	10,0	—
Hnjúkur	11,5	—
Breiðabólstaður	8,5	—
Miðhús	11,0	—
Vatnsdalshólar	70,0	—
Sveinsstaðir	75,0	—

<b>223</b>	Steinnes .....	27,0	einingar
23. des.	Leysingjastaðir .....	7,5	—
	Þingeyrar .....	140,0	—
			Samtals 1000,0 einingar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. desember 1941.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

**224**  
29. des.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, nr. 111  
21. nóvember 1931.

Aftan við 1. gr. komi svo hljóðandi framhald 2. málsgreinar:

Heimilt er bæjarstjórn og, ef þörf krefur, að skammta rafmagn um mæli þannig, að notendum sé gert að greiða allt að þreföldu gjaldi fyrir þann straum, sem þeir nota fram yfir tiltekið magn á mánuði hverjum.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að gilda fyrst um sinn þar til annað kann að verða ákveðið.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Palmason.*

**225**  
30. des. Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Þórdísar Gunnlaugsdóttur og Kristmundar Guðmundssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. desember 1941.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þórdísar Gunnlaugsdóttur og  
Kristmundar Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Þórdísar Gunnlaugsdóttur og Kristmundar Guðmundssonar. Hann er eign Ytri-Torfustaðahrepps í Vestur-Húnavatns-sýslu. Um ráðstöfun á fé sjóðsins fer eftir því, sem fyrir er mælt í skipulagsskrá þessari.